

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1041	Lónin Kelduhverfi	Ólöf Rún Stefánsdóttir Gæðastjóri			
Rifós hf. (IS-36119) Lónin Kelduhverfi	671 Kópasker	Fannar Helgi Þorvaldsson Framkvæmdarstjóri			
Tilafni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	22.6.2020	26.6.2020	6,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 16 skoðunatriða af 24. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 1 skoðunatriði, þar af 0 Alvarleg frávik og 1 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik

Frávik

3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni

Aðrar athugasemdir

Farið var yfir gæðakerfi fiskeldisstöðvarinnar með ábyrgðarmönnum og í framhaldinu var aðbúnaður og fiskheldni stöðvarinnar skoðuð. Síðan var siglt út á lónið og skoðað aðbúnað og fiskheldni floteininganna þar, ábyrgðaraðili tilkynnti eftirlitsaðila um að hætta eigi að ala fisk í lóninu og verði öllum fisk slátrað þaðan fyrir lok árs 2020.

Athugasemdir voru gerðar við að ekki var rist/grind fyrir niðurföllum inn í C sal eins og á að vera samkvæmt reglugerð 540/2020 um fiskeldi. Einnig var að sjá dauðan fisk í síðustu vörn gegn slysasleppingu út í settjörn. Sú vörn er ekki næginlega fiskheld og ekki er útilokað að fiskur gæti sloppið úr vörninni. Lifandi fiska var að sjá í settjörninni og ekki er hægt að útiloka að það sé fiskur frá stöðinni.

Matvælastofnun krefst þess að vörn gegn slysasleppingu verði lagfærð og gerð algjörlega fiskheld fyrir 25. júlí nk. Einnig mælist Matvælastofnun til þess að komið verði fyrir annarri vörn í frárennsli frá settjörn til að tryggja fiskheldni stöðvarinnar enn betur.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun."

Starfsstöð

Rifós hf. (IS-36119) Lónin Kelduhverfi
Lónin Kelduhverfi
671 Kópasker
Staða: Í gildi
Kennitala: 5006922869

Starfsemi

Frumframleiðsla - þáttur VI - AE - Áframeldi
Frumframleiðsla - þáttur VI - SS - Seiðastöð

Tengiliðir

Ólöf Rún Stefánsdóttir	8681643	olof@icefishfarm.com	Gæðastjóri
Fannar Helgi Þorvaldsson	8962141	fannar@rifos.is	Framkvæmdarstjóri

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

3.2 - Landeldi

3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni

Frávik

Sett inn: 22.06.2020

Ekki var rist fyrir niðurföllum inní C sal og getur fiskur sem fer út á gólf þá hindrunarlaust farið í niðurfallið og í frárennsli stöðvarinnar.

Sjá mátti dauðan fiski í síðustu vörn gegn slysasleppingum við frárennsli stöðvarinnar út í settjörnina. Koma þarf upp verklagi að hreinsa vörnina reglulega.

Vörnin er ekki næginlega fiskheld þar sem vatn flæðir meðfram rörunum og þarf að tryggja það betur.

Einnig var að sjá að lifandi fiskur væri í settjörnninni og ekki hægt að útiloka né staðfesta að um eldisfisk sé að ræða.

Möguleiki væri að setja aðra grind eða vörn þar sem að settjörn lekur út í lón til að tryggja að fiskur sleppi ekki út úr stöðinni enn betur.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi	2.1.2 Framleiðsluskýrsla	3.2.2 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi
3.2.3 Velferð fiska	3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga	3.3.2 Búnaður vegna slysasleppinga
3.3.3 Hámarksfjöldi fiska í sjókví	4.1.1 Dagbókarfærslur	4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu
5.1.1 Þjálfun starfsfólks	5.1.2 Verklagsreglur sjókvíaeldisstöðva	5.1.3 Viðbragðsáætlanir sjókvíaeldisstöðva
5.1.4 Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðva	5.1.5 Innri úttekt - sannpröfun sjókvíaeldisstöðva	5.1.6 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.